

Ed.

## 236. Frumvarp til laga

[107. mál]

um breyting á lögum nr. 62 21. apríl 1962, um sildarútvegsnefnd og útflutning salt-  
aðrar sildar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

### 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sildarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar sildar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð átta mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn, eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Landssambands isl. útvegsmanna, Félags sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félags sildarsaltenda á Suðvesturlandi og einn eftir sameiginlegri tilnefningu tveggja síðast greindra félaga. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingkjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Séu atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í nefndinni, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Nefndin skal hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi.

Nefndin ræður sér starfsfólk.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna, og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta flytur nefndin að beiðni hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra, en honum hafði horizt beiðni um flutning þess frá sjö manna nefnd, sem skipuð var af ráðuneytinu hinn 2. ágúst s. l. til að gera tillögur um framtíðarskipulag á sölu verk-  
aðrar sildar til útlanda.

Nefndin hefur að sjálfsgöðu orðið við beiðninni um að koma frv. á framfæri, en einstakir nefndarmenn gera fyrirvara um, að þeir hafi frjálsar hendur um afstöðu til efnisatriða frv. og breytingartillagna, sem fram kunna að koma.

Frv. gerir ráð fyrir breytingu á þremur atriðum miðað við núverandi ástand:

1. Gert er ráð fyrir að fjölga nefndarmönnum um einn og sé hann skipaður eftir tilnefningu Félags íslenskra sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags sildarsaltenda á Suðvesturlandi sameiginlega.
2. Það er nýtt í frv., að atkvæði formanns ráði úrslitum, ef atkvæði eru jöfn í nefndinni.
3. Í frv. segir um aðsetur nefndarinnar, að hún skuli hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi. Gildandi ákvæði um það efni er á þessa leið:

„Nefndin skal hafa aðsetur sitt á Siglufirði á sildarvertíð norðanlands og nefndarmenn eða varamenn þeirra dvelja þar þann tíma, eftir því sem nefndin sjálf ákveður. Á sildarvertíð sunnanlands skal nefndin með sama hætti hafa aðsetur í Reykjavík.“

Eins og kunnugt er, liggur annað frv. fyrir deildinni um efni það, sem greinir í 3. tölulið.